

# Hvatningarverðlaun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar 2020

Auglýst er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar. Veitt eru verðlaun fyrir þróunar- og nýbreytnistarf einstaklinga, borgarstofnanna og fyrirtækja á sviði mannréttinda- og lýðræðismála fyrir verkefni sem þykja stuðla að auknu jafnræði, vinna gegn margþættri mismunun og leggja áherslu á jafna stöðu allra kynja.

Markmið hvatningarverðlaunanna er að hvetja til og vekja athygli á því öflugra starfi sem fer fram á sviði mannréttinda og lýðræðis í borginni.

Starfsmenn allra sviða Reykjavíkurborgar og samstarfsaðilar geta tilnefnt einstakling, starfstað, hóp eða ákveðið verkefni. Tilnefna má þróunar- og nýbreytniverkefni sem ekki teljast hluti af daglegu starfi viðkomandi starfsstaðar. Litið er til verkefna sem miða að því að allir fái notið mannréttinda og hafi aðgengi að lýðræðissamfélaginu. Einnig má tilnefna einstakling fyrir farsælt starf á sviði mannréttinda- og lýðræðismála.

Horft er til þess að verkefnið sé hvatning til eftirbreytni og góðra verka bæði innan viðkomandi starfsstaðar og utan.

Verðlaun eru veitt fyrir 1 til 3 verkefni eða til einstaklinga og mun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð velja úr þeim sem fá tilnefningu.

Verðlaunin eru í formi viðurkenningarskjals og fer afhending fram á alþjóðlega mannréttindadaginn 10. desember 2020.

Tilnefningar skulu berast á netfangið [mannrettindi@reykjavik.is](mailto:mannrettindi@reykjavik.is) fyrir 1. desember 2020.

## Áður hafa hlotið hvatningarverðlaun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs:

- 2017 – Tjörninn Frístundamiðstöð (1)
- 2018 – Logi Sigurfinnsson forstöðumaður Sundhallar og Laugardalslaugar og verkefnið Móttaka nýrra íbúa, samstarfsaðilar eru Árbæjarskóli, Ársel og Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts (2)
- 2019 – Réttindaráð Hagaskóla (1)